

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

FUNDARGERÐ

21. fundur

Fundur var haldinn í byggingarnefnd Suður-Þingeyinga þriðjudaginn 28. apríl árið 2009. Fundurinn var haldinn hjá Þingeyjarsveit að Kjarna á Laugum og hófst hann kl. 13⁰⁰.

Fundinn sátu:

Eiður Árnason, Jóhannes Steingrímsson, Helgi Hallsson, Kristján Snæbjörnsson, og Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. **200904086 – Erindi frá Trésmiðjunni Rein ehf.**

Trésmiðjan Rein ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir þjónustuhús við Dimmuborgir, breyting frá áður samþykktum teikningum. Húsið er nú 56 m² stærra eða 240 m². Teikningar eru unnar af Haraldi Árnasyni.

Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að skilað verði inn samþykki vinnueftirlits, heilbrigðiseftirlits og eldvarnareftirlits. Þá vantar þinglýstan lóðarsamning.

2. **200904085 - Erindi frá Signýju Guðmundsdóttur og Jóni M. Björgvinssyni**

Signý Guðmundsdóttir og Jón M. Björgvinsson sækja um byggingarleyfi fyrir frístundahús að Birkilandi 10 í Mývatnssveit. Húsið er timburhús á steiptum grunni 120,5 m² að stærð. Teikningar eru unnar af Haraldi Árnasyni.

Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að þinglýstum lóðarsamningi verði skilað inn til byggingarfulltrúa.

3. **200904054 - Erindi frá Gísla Salómonssyni**

Gísli Salómonsson sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús að Höfðabyggð E-20 í Lundsskógi. Húsið er timburhús á steiptum grunni 134 m² að stærð. Teikningar eru unnar af Þresti Sigurðssyni á Opus ehf.

Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að þinglýstum lóðarsamningi verði skilað inn til byggingarfulltrúa.

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

4. 200903130 – Erindi frá Jónasi Ásgrímssvni

Jónas Ásgrímsson óskar eftir leyfi til að síkka gólf og setja glugga og dyr á kjallara húss hans að Hafralæk 2. Teikning er unnin af Gauki Hjartarsyni.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

5. 200904099 – Erindi frá Guðfinnu Sigurðardóttur Norðurgötu 15, Akureyri

Guðfinna Sigurðardóttir óskar eftir leyfi til að byggja 9,9 m² gestahús við sumarhús sitt við Núpa í Aðaldal, landnúmer 175746. Húsið verður smíðað í sama útliti og sumarhúsið. Teikningar fylgja umsókn.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 14²⁰.

Eiður Árnason
Jóhannes Steingrímsson
Helgi Hallsson
Kristján Snæbjörnsson
Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi